

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 215/2012**

2013/EES/18/11

frá 7. desember 2012

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEDANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/9/ESB frá 7. mars 2012 um breytingu á I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/37/EB um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaksvörum ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í 3. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/37/EB) í XXV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32012 L 0009**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/9/ESB frá 7. mars 2012 (Stjtið. ESB L 69, 8.3.2012, bls. 15).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2012/9/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. desember 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. desember 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 69, 8.3.2012, bls. 15.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.